



Kennari:	Björgvin G. Sigurðsson	Sk.st.	BGS
----------	------------------------	--------	-----

Áfangalýsing:

Stjórnmálafræðin er kynnt sem fræðigrein. Helstu hugtök og hugmyndafræði hennar kynnt og lögð er áhersla á að nemendur öðlist skilning á helstu hugtökum fræðigreinarinnar. Nemendur læra hvernig túlka má stjórnmálakerfi og stjórnmálaþátttöku út frá mismunandi kenningum með megináherslu á Ísland. Nemendum kynnt helstu hugtök alþjóðastjórnmála og fjallað verður lítillega um alþjóðavæðingu, einkenni hennar og möguleg áhrif á stjórnmál framtíðarinnar.

Undanfari: FÉLA2AF05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Aðferðum og viðfangsefnum stjórnmálafræðinnar,
- megin hugtökum og kenningum stjórnmálafræðinnar,
- mismunandi hugmyndafræðilegum stjórnmálastefnum,
- íslensku stjórnkerfi og stjórnmálasögu landsins,
- umhverfi og helstu hugtaka alþjóðastjórnmála.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Leggja sjálfstætt mat á stefnur og átakaefni í stjórnmálum,
- beita stjórnmálafræðilegum kenningum til að skoða samfélagsleg málefni,
- fjalla um og bera saman kenningar stjórnmála,
- ræða um viðfangsefni stjórnmála.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta myndað sér skoðanir sem byggjast á gagnrýnni hugsun og tekið þátt í umræðum um stjórnmál,
- tjá sig skipulega og gagnrýnið um námsefni,
- afla sér upplýsinga um stjórnmál, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér,
- geta beitt öguðum vinnubrögðum, tekið ábyrgð á námi og unnið í samvinnu við aðra,
- taka virkan þátt í borgaralegu samfélagi.

Námsefni:

Stjórnmál – Birgir Hermannsson – 2020 (fæst t.d í A4)

Ljósrit, efni af Interneti, dreift af kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
21. – 25. Ágúst	- Námsáætlun áfangans kynnt - Hugtakið stjórnsmál - Undirbúningur fyrir jafningjakennslu	Verkefni Hópavinna
26. ágúst – 8. sept	- Kennsluhópur 1 - Kafli 1 – Stjórnsmál (fyrir utan 1.1)	Verkefni Krossapróf
09. – 21. sept	- Kennsluhópur 2 - Kafli 2 – Um vald og yfirráð	Verkefni Krossapróf
23. sept – 4. okt	- Kennsluhópur 3 - Kafli 3 - Þjóðríkið	Verkefni Krossapróf
7. – 13. okt	- Flokkar og framboð	Verkefni
14. – 27. okt	- Kennsluhópur 4 - Kafli 4 – Þjóðernishygga	Verkefni Krossapróf
28. okt – 10. nóv	- Kennsluhópur 5 - Kafli 5 – Þjóðríkið í ólgusjó	Verkefni Krossapróf
11. – 24. nóv	- Kennsluhópur 6 - Kafli 6 – Íslenska þjóðríkið	Verkefni Krossapróf
28. nóv – 6. des	- Stjórnsmálaframboð	Hópverkefni

Sérreglur áfangans:

Skilaskylda á verkefnum er 90%. Hægt er að semja um sérstök skil ef rík ástæða er fyrir því að skilafresti var ekki náð. Ekki er ætlast til að snjalltæki séu notuð til afþreyinga og **þannig er að taka upp hljóð og mynd í stofunni** nema með leyfi. Ef snjalltæki eru notuð öðruvísi en með samþykki kennara getur það þýtt F fyrir kennslustundina.

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmáti	Vægi
Verkefni	Verkefni og krossapróf yfir önnina	65%
Jafningjakennsla	Hópar sjá um 2 kennsluvikur hver	25%
Ástundun og ábyrgð	Virkni, áhugi, skil og ábyrgð á eigin námi	10%
Samtals		100%

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Björgvin G. Sigurðsson, 19.08.24